

Fundargerð 27. fundar flugvirkarráðs

Fundur er haldinn í flugvirkarráði í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þriðjudaginn 19. maí 2020 kl. 13:00 – 15:00.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla S. Sigurðardóttir (HSS), Alda Karen Svavarsdóttir (AKS), Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir (GSR), Jón P. Jónsson (JPJ), Júlía Þorvaldsdóttir (JP), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Sólveig Þorsteinsdóttir (SP), Þorvaldur Þórðarson (ÞÞ), Þorvarður Kári Ólafsson (ÞKÓ), Þórólfur Guðnason (ÞG), og Anna Margrét Björnsdóttir sem fundarritari í fjarveru Ómars Sveinssonar. Hluti fundarmanna tengjast fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fjarverandi: Jón F. Bjartmarz (JFB) og Sigurgeir Ómar Sigmundsson (SOS)

Gestir: Arngrímur Guðmundsson, Pollý Hilmarsdóttir, Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir og Ólafur Kr. Hjörleifsson

Fyrir liggur dagskrártillaga:

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Gestur fundarins - tengiliður Icelandair við flugvirkarráð kynntur.
4. Breytingatillögur embættis ríkislögreglustjóra, sbr. skjal „Flugvirkarráætlun 2020 - 28 01 2020 ath JPJ og HK.docx“ (sent flugvirkarráði 29. janúar 2020).
5. Sóttvarnarlæknir – Covid-19 faraldurinn og sóttvarnarráðstafanir vegna millilandaflegs.
6. Ríkislögreglustjóri - fréttir af opnun landamæra.
7. Isavia – fréttir.
8. Fréttir af ECAC og ICAO samstarfi (HSS).
9. Önnur mál.
10. Næsti fundur.

1. Dagskrá

Dagskrá er samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt án athugasemda.

3. Tengiliður Icelandair við flugvirkarráð

Polly Hilmarsdóttir, sem er yfir flugverndarmálum hjá Icelandair, er kynnt sem tengiliður félagsins við flugvirkarráð.

4. Ríkislögreglustjóri – fréttir af opnun landamæra

JPJ kynnir nefnd sem hefur verið að störfum hjá DG HOME og landamæradeild ríkislögreglustjóra hefur tekið þátt í. Hópurinn tók til starfa í enda febrúar og vinnur að tillögu á sameiginlegri nálgun á afléttingu ferðatakmarkana á innri og ytri landamærum í nokkrum skrefum. Hópurinn heldur úti töfluyfirliti yfir takmarkanir í hverju ríki fyrir sig og hefur landamæradeild séð um að uppfæra töfluna fyrir Ísland. Evrópusambandið hefur tekið mið af því sem er að gerast á þessum vettvangi við gerð

síns efnis. Áhersla er mikil á vísindi og áreiðanlegar faraldsfræðilegar upplýsingar sem grunn fyrir ákvarðanatöku.

5. Ríkislögreglustjóri – Breytingatillögur

Ríkislögreglustjóri sendi inn tillögu að textabreytingu varðandi hlutverk ríkislögreglustjóra í flugvirkarráði og þátttöku í verkefnum eins og það birtist í flugvirkaráætlun (sbr. skjal „Flugvirkaráætlun 2020 - 28 01 2020 ath JPJ og HK.docx“ sent flugvirkarráði 29. janúar 2020). Engar athugasemdir eru við tillögurnar og eru þær samþykktar.

6. Sóttvarnalæknir – nýjustu fréttir

ÞG fer yfir stöðu mála og mögulega framtíðarþróun. Verkefnahópur ríkisstjórnarinnar er að störfum og hefur ÞG fundað með hópnum tvisvar. Verkefni hópsins er að útfæra nánar þær ráðstafanir sem grípa á til frá og með 15. júní næstkomandi. Sýnataka á landamærum er mjög stórt verkefni en einnig þarf að huga að því með hvaða hætti eigi að safna heilbrigðisupplýsingum um farþega og í því samhengi þarf að gæta að persónuvernd. Önnur dæmi um atriði sem þarf að huga að eru heilbrigðisvottorð, réttindi farþega og hvernig eigi að taka á málum þar sem aðilar neita að fara í sóttkví.

Mikil samvinna á sér stað innan Evrópu og má vænta þess að boðaðar verði samræmdar aðgerðir. FS bendir á mikilvægi þess að við tökum þátt í þeim aðgerðum sem þarf til að tryggja evrópska viðurkenningu á íslenskum flugrekstri. Í millitíðinni þurfum við að brúa bilið með okkar eigin reglum.

7. Isavia – nýjustu fréttir

SP fer yfir stöðuna hjá Isavia, en hún er nokkurn veginn óbreytt frá síðasta fundi. SP fer einnig yfir þær aðgerðir sem gripið var til hjá Isavia til að verja starfsfólk fyrir smithættu.

8. Samgöngustofa – Fréttir af ECAC og ICAO samstarfi

HSS fer yfir helstu fréttir af samstarfi í flugmálum á alþjóðavettvangi. Margir hópar vinna nú að leiðbeinandi efni og samræmdum lausnum. Þann 19. maí sendi vinnuhópur ECAC um flugvirkt út leiðbeinandi efni með lykilatriðum sem þarf að hafa í huga þegar flug fer af stað aftur, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi frá sér upplýsingabréf 13. maí og EASA vinnur að leiðbeinandi efni ásamt ECDC, en það er væntanlegt síðar í vikunni.

Rauði þráðurinn í leiðbeiningum EASA og ECDC er áhersla á samskipti og upplýsingagjöf sem helstu mótvægisáðgerðina. Áherslan er á að farþegi leggi ekki af stað í ferðalag ef hann er veikur. Leiðarljósið er jafnframt að aðgerðir sem gripið verður til gangi ekki of langt, séu gagnsæjar, viðeigandi, gæti meðalhófs, geri ekki upp á milli fólks og séu eins samræmdar og hægt er til að viðhalda stöðugleika.

HSS mun áframsenda leiðbeiningarnar á hópinn þegar búið er að gefa þær út.

9. Önnur mál

Aftur rætt stuttlega um mikilvægi þess að gætt verði að persónuvernd við söfnun heilsufarsupplýsinga.

FS bendir á mikilvægi þess að skráning verði samræmd þannig að það sé ekki verið að tvítaka upplýsingar í mörgum mismunandi kerfum.

10. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn 9. júní nk. kl. 13:00 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.